



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 28. apríl 2022

**Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.**

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 26. apríl sl. samþykkti stjórn eftirfarandi breytingar á reglugerðum KSÍ:

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

- a) Breytt ákvæði 15. gr. um framkvæmd og skipulag leikja.

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

- a) Breyting á skilgreiningu keppnistímabils.

Hér að aftan er að finna yfirlit og samantekt yfir breytingarnar.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~.

**REGLUGERÐ KSÍ
um knattspyrnumót**

15.gr.

Framkvæmd og skipulag leikja

- 15.3 Aðildarfélög KSÍ sem sjá um framkvæmd leikja, skulu í einu og öllu fara eftir útgefinni leikjaskrá. Í efstu deild karla, **efstu deild kvenna og 1. deild karla skulu félög senda skrifstofu upplýsingar um fjölda áhorfenda strax að leik loknum og eigi síðar en 8 dögum frá því að leikur fór fram.** ~~—og í~~ aðalkeppni bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla **og bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki kvenna skal senda mótanefnd skrifstofu KSÍ skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld strax að leik loknum og eigi síðar en 8 dögum frá því að leikur fór fram.**

Greinargerð/Samantekt:

Í lengri tíma hefur ekki verið þörf á því að félög sendi skilagreinar, vegna tekna og gjalda, inn til KSÍ vegna keppnisleikja í deildarkeppnum. Er því lagt til að sú skylda verði afnumin úr reglugerð. Félögum í efstu deildum karla hefur á hinn bóginn verið gert að skila inn áhorfendatölum til skrifstofu KSÍ vegna leikja í deildarkeppni og heldur sú skylda sér auk þess sem með breytingunni er einnig fest í reglugerð að sú skylda tekur einnig til efstu deildar kvenna.

Áfram er gerð krafa um að skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld vegna leikja í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla verði skilað og tekur breytingin einnig mið af því að sú skylda hvíli einnig á félögum þegar kemur að bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki kvenna.

Þá tekur breytingin einnig mið af því að undanfarin ár hefur skrifstofa KSÍ annast að afla umræðra upplýsinga en ekki mótanefnd KSÍ.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Eftirfarandi hugtök er notuð í reglugerðinni og ber að leggja neðangreindan skilning í þau:

12. *Keppnistímabil: Keppnistímabilið á Íslandi, sem telst standa frá 1. febrúar til 15. nóvember*~~október~~.

14. gr.
Samningsgerð

14.11 Á því ári sem samningur rennur út skal það gerast á tímabilinu 16. nóvember~~október~~ - 31. desember.

30. gr.
Staðalsamningur KSÍ

Leikmannssamningur
 Sambandssamningur
(merkið við þar sem við á)

Félagið | |, kt _____ hér eftir nefnt félag, og | |, leikmaður félagsins, kt. hér eftir nefndur leikmaður, gera með sér eftirfarandi samning, samanber reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Samningur þessi gildir frá | | til | | (dagsetning). Athugið að leikmannssamningur getur aldrei náð yfir skemmra tímabil en eitt keppnistímabil og að allir samningar verða að renna út á tímabilinu 16. nóvember~~október~~ – 31. desember.

Greinargerð/Samantekt:

Á ársþingi KSÍ þann 26. febrúar 2022 voru samþykktar tillögur að breyttu keppnisfyrirkomulagi í meistaraflokkum sem fela m.a. í sér að keppnistímabilið stendur lengur en áður. Tekur ofangreind breyting mið af því. Keppnistímabil er nú skilgreint frá 1. febrúar til 15. nóvember ár hvert, í stað 1. febrúar til 15. október.

Framangreindar breytingar hafa í för með sér að leikmannasamningar, sem samkvæmt reglugerðinni og reglugerð FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna skulu renna út að loknu keppnistímabili, skulu nú renna út á tímabilinu frá 16. nóvember til 31. desember ár hvert. Eru ákvæði greinar 14.14 og texti staðalsamnings í 30. gr. uppfærð til samræmis við það.

Breytingar þessar eru ekki afturvirkar og hafa þ.a.l. ekki áhrif á gildi samninga sem þegar hafa verið skráðir hjá KSÍ.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Kolbrún Arnardóttir

Kolbrún Arnardóttir,
lögfræðingur hjá KSÍ